

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 394/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2085 frá 14. desember 2020 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21apj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 2085:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2085 frá 14. desember 2020 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 37).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2085, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING